

Samkvæmt 73. gr. laga um meðferð opinberra mála i. f., eins og hún er nú, getur lögreglustjóri, sem jafnframt er dómari, hafið frumrannsókn fyrir dómi, þegar hann telur það heppilegt. Hér er dæmi um frumrannsókn fyrir dómi lögum samkvæmt.

Orðin „eða venju“ verður að líta á sem eins konar þrautaskýringarkost, er aðra þrýtur, við mótun á aðalatriðum réttarfarsbreytingarinnar, sem tók gildi 1. júlí sl., um að leggja niður allt frumkvæði dómara og rannsóknarhlutverk hans. Við mótun þessara nýskipana nýtast ekki gamlar venjur um fyrirkomulag rannsóknar samkvæmt eldra skipulagi, svo sem sú gamla venja, að ýmis smámál, t. d. út af ölvun við akstur ökutækja, komu að jafnaði beint fyrir dómara til rannsóknar, þótt slíkt hafi ekki verið réttarfarsnauðsyn. Er því fráleitt, að gamlar venjur gildi að nokkru ráði, þegar tekið er upp gerbreytt allsherjarskipulag.

Með skírskotun til framangreinds, þess, að krafa ríkissóknara um rannsókn fullnægir ekki neinu atriði 74. gr. laga um meðferð opinberra mála og að hún er ekki studd undirbúningsrannsókn, eins og þar er gert ráð fyrir, ber að synja henni.

Úrskurðarorð:

Kröfu ríkissaksóknara, dagsettri 2. ágúst 1977, um, að verðlagsdómur Reykjavíkur taki til rannsóknar kæru á hendur Karli K. Karlssyni, Sörlaskjólí 36 í Reykjavík, fyrir verulega vanrækslu á að skila verðútreikningum yfir tollafgreiddar vörur, er synjað.

Mánudaginn 19. september 1977.

Nr. 137/1977. **Valdstjórnin**
 gegn
Þorfinni Egilssyni.

Kærumál. Húisleit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga

nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. ágúst 1977, sem barst Hæstarétti 19. s. m. Talsmaður hans hefur ritað greinargerð, dags. 22. s. m. í málinu. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari hefur ritað greinargerð í málinu, dags. 14. þ. m., og krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, er varnaraðili talinn hafa flutt frá Espigerði 4 í Reykjavík hinn 20. apríl 1977. Tilkynnti hann flutning sinn að Vesturgötu 16 í Reykjavík 29. s. m. Leit samkv. hinum kærða úrskurði var eigi framkvæmd að Espigerði 4, enda virðist varnaraðili hafa verið fluttur þaðan með eigur sínar, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Ber því að fella úr gildi þann hluta úrskurðarins, sem varðar leit að Espigerði 4 í Reykjavík.

Eins og sakarefni er vaxið, var rannsóknarlögreglustjóri ríkisins bær um að bera fram kröfu um hútleit hjá varnaraðilja og hafa hana uppi við sakadóm Reykjavíkur, sbr. 73. gr. laga nr. 74/1974, svo sem henni er breytt með 11. gr. laga nr. 107/1976.

Sakargögn þau, sem lágu fyrir sakadómi Reykjavíkur, þykja heimila, að kveðið væri á með úrskurði, að leit færi fram í húsakynnum varnaraðilja að Vesturgötu 16 í Reykjavík og leggja mætti hald á bókhaldsgögn, sbr. 48. gr. laga nr. 74/1974, og eru hvorki á úrskurðinum né málalíbúnaði þeir agnúar, er leiða til þess, að úrskurðinum verði hrundið.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Samkvæmt bréfi héraðsdómarans frá 2. september sl. „er sú ritvilla í endurritinu úr sakadómsbók Reykjavíkur, að vísað er í telexskeyti frá 25/6 1976, en rétt dagsetning er 26/5 1976. Ennfremur er vísað til laga nr. 107/1977, en á að sjálfsgöðu að vera l. nr. 107/1976“.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur að því er varðar leit að og hald á bókhaldsgögnum varnaraðilja, Þorfinns

Egilssonar, í húsakynnum hans að Vesturgötu 16 í Reykjavík.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 16. ágúst 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn 16. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var á skrifstofu dómsins að Borgartúni 7 af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Með bréfi rannsóknadeildar ríkisskattstjóra, dags. í dag, barst rannsóknarlögreglu ríkisins beiðni um aðstoð við að afla húsleit- arheimildar frá sakadómi Reykjavíkur. Er beiðnin sett fram vegna rannsóknar, sem nú stendur yfir á skattframtölum og bókhaldi Þorfinns Egilssonar héraðsdómslögmanns.

Með fyrrnefndu bréfi rannsóknadeildarinnar fylgdu 4 ljósrit af telexskeytum Þorfinns til aðilja erlendis, og gefur eitt þeirra, sem dags. er 25. júní (sic) 1976, tilefni til sérstakra grunsemda um ætlað brot á lögum 30/1960, lögum 68/1971 og lögum 51/1968.

Í 4. mgr. 36. gr. laga 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt segir m. a., að ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri eða þeir menn, sem þeir fela rannsóknarstörf, hafi aðgang að starfsstöðum og birgðageymslum. Ekkert segir um aðgang að heimilum, og verður að telja samkvæmt orðalagi greinarinnar, að hana beri að skýra þröngt, þannig að heimildin nái ekki til aðgangs að einkaheimilum án dómsúrskurðar.

Af framangreindum ástæðum þykir rétt, að úrskurður saka- dóms gangi um leitarheimildina.

Samkvæmt 11. gr. laga 107/1977 (sic) er embætti ríkisrann- sóknarlögreglustjóra réttur aðili að kröfugerð í þessu máli.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 48. gr. laga 74/ 1974 og 11. gr. laga 107/1977 er nauðsynlegt í þágu yfirstandandi rannsóknar að heimila, að gerð verði húsleit á heimili Þorfinns Egilssonar héraðsdómslögmanns að Espigerði 4, Reykjavík, og á skrifstofu hans að Vesturgötu 16, Reykjavík, og að lagt verði hald á bókhaldsgögn, er þar kynnu að finnast. Leitarheimildin nær einnig til læstra hirslna.

Úrskurðarorð:

Rannsóknarlögreglu ríkisins er heimilt að gera húsleit á heimili Þorfinns Egilssonar héraðsdómslögmanns að Espi- gerði 4, Reykjavík, og skrifstofu hans að Vesturgötu 16, Reykjavík. Heimilt er að leggja hald á bókhaldsgögn, er

kunna að finnast á þessum stöðum. Leitarheimildin nær einnig til læstra hirslna.

Mánudaginn 19. september 1977.

Nr. 140/1977. **Valdstjórnin**
 gegn
Agli Þorfinnssyni.

Kærumál. Húsleit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Guðmundur Kristjánsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Keflavík.

Varnaraðili hefur með kæru hinn 17. ágúst sl. skotið úrskurði sakadóms Keflavíkur, er gekk hinn 16. ágúst s. á., til Hæstaréttar. Barst kæran 23. ágúst s. á. Talsmaður varnaraðilja ritaði greinargerð í málinu, dags. 22. ágúst s. á. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og varnaraðilja dæmdur kærumálskostnaður úr rikissjóði svo og að bæjarfógetanum í Keflavík verði dæmt að greiða sér 3.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 18. ágúst 1977 til greiðsludags.

Ríkissaksóknari hefur ritað greinargerð í málinu, dags. 14. september sl. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Í hinum kærða úrskurði er heimiluð leit á heimili varnaraðilja að bókhaldsgögnum, sem sonur hans, Þorfinnur Egilsson, var talinn hafa þar í geymslu, og að hald yrði lagt á þau. Varnaraðilja er heimil kæra samkvæmt 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Kæruefni það, sem varnaraðili er bær um að fá úrlausn um, lýtur að lögmati leitarinnar sem slíkrar á heimili hans.

Samkvæmt þeim sakargögnum, sem lágu fyrir sakadómi